

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

I. Aðalbrautir verða:

1. Réttarholtsvegur, þó þannig, að umferð um hann viki fyrir umferð um Miklubraut og Bústaðaveg.
2. Sogavegur, þó þannig, að umferð um hann viki fyrir umferð um Grensásveg, Réttarholtsveg og Bústaðaveg.
3. Eyrarland, þó þannig, að umferð um það viki fyrir umferð um Bústaðaveg.
4. Hörgsland, þó þannig, að umferð um það viki fyrir umferð um Bústaðaveg.
5. Ósland, þó þannig, að umferð um það viki fyrir umferð um Bústaðaveg.

II. Umferðartakmarkanir:

1. Stígur, sem tengir saman syðri og nyrðri hluta Arnarbakka, verður eingöngu ætlaður umferð strætisvagna.
2. Miðeyju Kringlumýrarbrautar hefur verið lokað við Sléttuveg, þó þannig, að haldið er opinni einni akrein, sem aðeins er ætluð umferð strætisvagna og sjúkrabifreiða.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. nóvember 1971.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og stöður bifreiða í Hafnarfirði:

1. Reglur um einstefnuakstur á **Sunnuvegi** breytast þannig, að frá gildistöku þessarar auglýsingar er einungis heimilt að aka téða götu til vesturs frá Mánastíg að Hverfisgötu.

2. Reglur um aðalbrautarrétt við gatnamót **Vesturgötu** og **Vesturbrautar** breytast þannig frá gildistöku þessarar auglýsingar, að umferð um Vesturgötu hefur forgangsrétt fyrir umferð um Vesturbraut.

3. Umferð um **Flatahraun** hefur forgangsrétt fyrir umferð um Álfaskeið, Sléttahraun, Helluhraun og aðrar götur þar á milli.

4. Umferð um **Arnarhraun** nýtur forgangsréttar fyrir umferð um allar götur, sem að nefndri götu liggja, milli Tjarnarbrautar og Reykjavíkurvegar.

5. Umferð um **Álfaskeið** nýtur forgangsréttar fyrir umferð um allar götur, sem að götunni liggja, milli Arnarhrauns og Flatahrauns.